

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. desember 2020

Mál nr. E- 1436/2020

Arkitektar Laugavegi 164 ehf.

(Einar Jónsson lögmaður)

gegn

Íslandshótelum hf.

(Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 1. desember 2020, var höfðað 21. febrúar 2020, af Arkitektum Laugavegi 164 ehf., Laugavegi 164 í Reykjavík, gegn Íslandshótelum hf., Sigtúni 28 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða honum 2.285.274 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 30. desember 2017 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2001

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Helstu málsatvik

Stefndi efndi til hönnunarsamkeppni í mars 2015 vegna fyrirhugaðs hótels að Lækjargötu 12 í Reykjavík. Um var að ræða lokaða samkeppni og voru þátttakendur þrír. Fram kom í samkeppnislýsingu að verkkaupi stefndi að því að ganga til samninga við höfunda þeirrar tillögu sem dómnefnd mæli með til áframhaldandi hönnunar á hótelinu og gera við viðkomandi hönnunarsamning, sbr. greinar 1.2, 4.2 og 4.3. Í síðarnefndri grein var tekið fram að sest yrði að samningsborði með viðkomandi, en að ef samningar næðust ekki gæti verkkaupi leitað til þeirra aðila sem væru næstir í samkeppninni og samið við þá um útfærslu á sinni tillögu. Tillaga stefnanda var hlutskörpust í samkeppninni.

Í júlí 2015 héldu fulltrúar aðila fundi um framhald verkefnisins, þar með talið um hönnun og skipulag. Tillagan var kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar á fundi ráðsins 12. ágúst 2015 og voru gerðar ýmsar athugasemdir við útfærslu tillögunnar. Aðilar funduðu í september 2015 og ræddu um gerð samnings vegna hönnunar á öllu verkefninu. Fyrir liggja drög að hönnunarsamningi á milli aðila frá þessum tíma, sem og drög að samningi með athugasemdum stefnanda.

Það er óumdeilt að haustið 2015 sömdu aðilar um að stefnandi tæki að sér vinnu við breytingu á deiliskipulagi vegna verkefnisins. Hinn 8. desember 2015 gerði stefnandi stefnda reikning sem nam 684.904 krónum og greiddi stefndi reikninginn.

Á fundi með formanni skipulagsráðs og skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar 9. desember 2015 mun þeirri tillögu sem þá lá fyrir hafa verið hafnað. Ákveðið var að stefnandi skyldi vinna áfram að breytingum á tillögunni með það að markmiði að deiliskipulag yrði samþykkt. Hinn 20. janúar 2016 kynnti stefnandi stefnda hugmyndir að deiliskipulagi. Þá var tillaga að breyttu deiliskipulagi kynnt á fundi með formanni skipulagsráðs og skipulagsfulltrúa 23. febrúar 2016. Vegna athugasemda sem komu fram á fundinum mun hafa verið ákveðið að breyta tillögunni enn frekar og var tillagan síðan kynnt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 16. mars 2016. Samkvæmt fundargerð frá fundinum mættu fulltrúar stefnanda og kynntu tillöguna fyrir nefndarmönnum.

Stefnandi gerði stefnda reikning 29. febrúar 2016 að fjárhæð 5.443.470 krónur og kom fram að hann væri fyrir vinnu í janúar og febrúar í einu lagi. Vinnu vegna deiliskipulagsins var haldið áfram af hálfu stefnanda og frá 30. apríl til 30. september 2016 gerði hann stefnda sex reikninga sem námu samtals 10.964.924 krónum. Reikningunum fylgdu tímaskýrslur þar sem gerð var nánari grein fyrir þeirri vinnu starfsmanna stefnanda sem um ræddi. Stefndi greiddi reikningana jafnóðum. Nánar tiltekið var um að ræða reikning frá 30. apríl 2016 vegna vinnu í apríl 2016 að fjárhæð 1.117.736 krónur, reikning frá 31. maí 2016 vegna vinnu í maí 2016 sem nam 2.940.474 krónum, reikning frá 30. júní 2016 vegna vinnu í júní 2016 sem nam 2.273.912 krónum, reikning frá 15. ágúst 2016 vegna vinnu í júlí 2016 sem nam 706.707 krónum, reikning frá 31. ágúst 2016 vegna vinnu í ágúst 2016 sem nam 1.089.433 krónum og loks reikning frá 30. september 2016 vegna vinnu í september 2016 sem nam 2.835.868 krónum.

Stefndi lagði fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi 21. september 2016 sem samþykkt var af umhverfis- og skipulagsráði 1. febrúar 2017 og staðfest af borgarráði 9. febrúar sama ár.

Það virðist óumdeilt að aðilar hafi reglulega átt í viðræðum vegna samnings um hönnun verkefnisins frá júní 2016 til maí 2017, en að samkomulag hafi ekki náðst. Meðal gagna málsins er tölvubréf frá fyrirsvarsmanni stefnanda til stefnda frá 24. maí 2017 þar sem fram kemur að það hafi dregist að halda áfram vinnu við samninginn en að stefnandi hafi mikinn áhuga á verkefninu og vilji ná samkomulagi um framhaldið. Í tölvubréfinu er gerð grein fyrir þóknun, sem og áætlunum stefnanda, vegna hönnunar heildarverksins, eins og það var orðað, og tekið fram að vonast væri til þess að þetta gæti orðið grundvöllur að samningi um verkið. Gerð er grein fyrir ýmsum kostnaðarliðum og segir meðal annars: „Vinna við skipulagið sem ekki var rukkað fyrir en fólst í að fá deiliskipulagið samþykkt á lokametrinum var 33 tímar. Við fellum þá tíma niður (419.694 kr.).“

Fyrirsvarsmaður stefnda svaraði tölvupóstinum næsta dag og tók fram að eftir fund aðila 16. mars 2017 hefði stefnandi ætlað að skila hugmyndum að samningi viku síðar, en þær hefðu nú litið

dagsins ljós rúmum tveimur mánuðum síðar. Þá lýsti hann sjónarmiðum sínum um lítinn áhuga stefnanda á verkefninu og töfum af hálfu félagsins. Þá kom fram að hann hefði viðrað verkefnið við aðra stofu og fengið mjög góð viðbrögð. Fyrirsvarsaður stefnanda svaraði tölvupóstinum degi síðar og lagði meðal annars til að aðilar hittust í því skyni að kanna flöt á samningi. Boð stefnanda um fund var ítrekað með tölvupósti 15. júní 2017. Fyrirsvarsaður stefnda svaraði tölvupóstinum samdægurs og tók fram að hann teldi að hagsmunum stefnda væri betur komið hjá nýjum hönnuði. Með tölvupósti fyrirsvarsmanns stefnanda 16. júní sama ár var meðal annars áréttað að stefnandi teldi sig enn vera samningsaðila gagnvart stefnda í verkefninu. Tekið var fram að stefnandi hefði hannað vinningstillögu, unnið verulegar viðbætur og breytingar, auk þess sem deiliskipulagi hefði verið komið í gegnum langt og strangt samþykktarferli. Ekki hefði þó verið gengið frá skriflegum hönnunarsamningi milli aðila þrátt fyrir vilja stefnanda.

Með bréfi lögmanns stefnda 22. júní 2017 var tekið fram að ekki væri fallist á þann skilning að samningar hefðu tekist á milli aðila um fullnaðarhönnun hótelsins, auk þess sem sjálfstæður réttur til samningsgerðar til handa vinningshafa hefði ekki skapast á grundvelli samkeppnislýsingarinnar eða atvika eftir hönnunarsamkeppnina. Lögmenn aðila áttu í kjölfarið í bréfaskiptum 13. og 29. september 2017.

Hinn 30. nóvember 2017 gaf stefnandi út þá tvo reikninga sem eru grundvöllur dómkröfu hans. Annars vegar er um að ræða reikning nr. 4637 að fjárhæð 1.801.984 krónur og hins vegar reikning nr. 4638 að fjárhæð 627.130 krónur. Hvað varðar fyrri reikninginn segir í lýsingu: „Framvindureikningur. Þróun tillögu og kynningargögn fyrir skipulagssvið, vinna í mars, sjá meðfylgjandi yfirlit.“ Um síðari reikninginn segir í lýsingu: „Framvindureikningur. Vinna við að fá deiliskipulag samþykkt. Vinna frá 1. október 2016 til 1. febrúar 2017, sjá meðfylgjandi yfirlit.“ Báðum reikningum fylgdu sundurliðaðar tímaskýrslur þar sem gerð var grein fyrir vinnu starfsmanna stefnanda.

Fyrirsvarsaður stefnda mótmælti reikningunum og starfsmaður stefnanda sendi frekari skýringar með tölvubréfi 28. desember 2017 þar sem lögð var áhersla á að vinna samkvæmt reikningunum væri „óinnheimt og ógreidd“. Stefndi greiddi ekki umrædda reikninga og sendi stefnandi honum innheimtubréf 2., 13. og 23. júlí, 2., 8. og 24. ágúst 2018, sem og 27. maí 2019.

Með úrskurði siðanefndar Arkitektafélags Íslands 21. mars 2018 var talið að sá arkitekt sem stefndi leitaði til vegna hönnunar hótelsins hefði brotið gegn tiltekinni grein í siðareglum arkitekta þar sem hann hefði hvorki haft samband við stefnanda til að kanna hvort samnings sambandi félagsins og stefnda væri lokið, né gert þeim viðvart þannig að félagið gæti gætt hagsmuna sinna.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að eftir hönnunarsamkeppnina hafi stefndi óskað eftir því að félagið ynni deiliskipulag af svæðinu og héldi hönnun verksins áfram. Vinna stefnanda hafi falist í umfangsmikilli hönnun með gerð ítarlegra gagna, teikninga og kynningar, auk þess sem móta hafi þurft bygginguna þannig að fullt tillit væri tekið til fornleifa sem fundust á svæðinu. Samráð hafi verið haft við skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Minjastofnun, enda hafi það verið nauðsynlegt til að tillagan kæmist í gegnum samþykktarferlið hjá skipulagssviði. Þessi vinna hafi svo orðið grundvöllur að deiliskipulagi sem hafi verið samþykkt. Stefndi hafi greitt að hluta fyrir þessa vinnu samkvæmt reikningum og án athugasemda.

Lögð er áhersla á að ávallt hafi verið stefnt að því að gerður yrði sérstakur hönnunarsamningur á milli aðila. Stefnandi hafi lengi gengið á eftir því en stefndi færst undan og að lokum orðið ljóst að hann ætlaði sér ekki að gera slíkan samning við stefnanda þrátt fyrir ákvæði samkeppnislýsingar um samningsgerð við höfund vinningstillögunnar, sbr. greinar 1.2, 4.2 og 4.3. Hafi ástæðan verið sú að ekki fengust viðbrögð frá stefnda við tillögum og boðum um fundi. Stefnandi hafi loks fengið þau skilaboð að ætlunin væri að leita til annars hönnuðar. Reynt hafi verið að fá stefnda til áframhaldandi viðræðna, en það hafi ekki borið árangur. Í haustbyrjun 2017 hafi stefnanda verið ljóst að samið hefði verið við aðra hönnuði um verkefnið. Þegar það lá fyrir hafi stefnandi sent stefnda hina umþrættu reikninga frá 30. nóvember 2017 vegna vinnu sem hafði verið unnin en ekki verið greitt fyrir. Annars vegar sé um að ræða reikning nr. 4637 sem nemi 1.801.984 krónum og hins vegar reikning nr. 4638 sem nemi 627.130 krónum. Reikningarnir séu nákvæmir, skýrir og þeim fylgi ítarlegar tímaskýrslur sem sýni um hvaða verk hafi verið að ræða, hvenær þau hafi verið unnin og af hvaða starfsmanni. Fjöldi vinnustunda hafi verið margfaldaður samkvæmt tímagjaldi viðkomandi starfsmanns. Vinnan hafi sannanlega verið unnin í þágu stefnda og samkvæmt hans beiðni.

Stefnandi byggir á því að stefndi skuldi honum þá fjárhæð sem krafist er samkvæmt umræddum reikningum vegna vinnu stefnanda. Stefndi hafi þegar greitt aðra reikninga vegna sama verkefnis án athugasemda, en í því felist viðurkenning á greiðsluskyldu. Þá hafi stefndi vitað að ekki hefði verið greitt fyrir alla vinnu vegna umrædds verkefnis. Í þeim efnum er áréttað að stefnandi hafi ítrekað og í langan tíma reynt að fá stefnda til að standa við þá fyrirætlan sína að gera sérstakan hönnunarsamning við félagið. Þrátt fyrir að stefndi hafi ekki staðið við þá fyrirætlan sína sé skylda hans til að greiða fyrir þegar unna vinnu óhögguð. Sú staðreynd að umræddir reikningar hafi verið sendir í nóvember 2017 sé eðlileg í ljósi aðstæðna, enda hafi það verið gert þegar fyrir lá að ekki myndi takast að gera hönnunarsamning á milli aðila.

Því er mótmælt að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti við að setja fram kröfur sínar og lögð áhersla á að fullnaðaruppgjör hafi ekki farið fram og að stefndi hafi ekki verið grandsamur um að

ekki hefði verið greitt fyrir alla vinnuna. Þá hafi verið eðlilegt að bíða með innheimtu á meðan leitast var við að ná samkomulagi um hönnun.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að aðilar hafi samið um að stefnandi tæki að sér að gera nauðsynlegar breytingar á skipulagstillögu þannig að deiliskipulag um svæðið yrði samþykkt. Fyrir vinnuna hafi stefnandi reglulega gert stefnda reikninga frá desember 2015 til september 2016 og hafi þeir verið greiddir jafnóðum. Samtals hafi vinna starfsmanna stefnanda numið 1.030 stundum og hafi stefndi greitt 17.092.504 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Hafi tímafjöldi vinnu starfsmanna stefnanda verið rúmlega fimmfalt meiri en upprunalegar áætlanir hans sjálfs hafi gert ráð fyrir.

Í fyrsta lagi er byggt á því að það sé ósannað að sú vinna sem er grundvöllur dómkröfu stefnanda hafi í raun verið innt af hendi af hálfu starfsmanna hans og í því umfangi sem greinir í reikningum og tímaskýrslum. Stefndi hafi mátt treysta því að með greiðslu á fyrri reikningum stefnanda hefði verið greitt fyrir vinnu hans að fullu. Hagsmunir stefnda af því að fá jafnóðum reikninga vegna vinnu stefnanda hafi verið miklir, enda sé ómögulegt þegar svo langt sé um liðið að fara með nokkurri nákvæmni yfir þá vinnu sem vísað sé til í reikningunum og sannreyna hana.

Í öðru lagi er byggt á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að sú vinna sem um ræðir hafi verið unnin að beiðni hans. Verði ekki annað séð en að stefnandi hafi aldrei ætlað sér að gera stefnda sérstaka reikninga vegna umræddrar vinnu og að hann hafi haft eigin hagsmuni og orðspor í huga. Stefndi hafi hins vegar snúist hugur eftir að upp úr samstarfi aðila slitnaði og stefndi leitaði annað. Skýringar í stefnu um að stefnandi hafi hinkrað með útgáfu reikninganna þar til gerður hefði verið endanlegur hönnunarsamningur séu ótrúverðugar. Þá séu þær í andstöðu við alkunna venju í reikningsviðskiptum vegna vinnu sérfræðinga, sem og það fyrirkomulag sem viðhaft var á milli aðila. Þessi háttur sé jafnframt í andstöðu við gildandi lög og reglur um bókhald og reikningsskil lögaðila í atvinnurekstri. Stefndi hafi reyndar áður fært fram þær skýringar að fyrir mistök hafi reikningur nr. 4637 ekki verið gefinn út á réttum tíma. Á því sé aftur á móti ekki byggt í stefnu, heldur látið að því liggja að stefnandi hafi meðvitað hinkrað með útgáfu reikninganna þar til gerður yrði skriflegur hönnunarsamningur. Sé einsýnt að umræddir reikningar hafi eingöngu verið gefnir út þar sem stefndi hafi ákveðið að leita til annarra um hönnun. Í samskiptum aðila í kjölfar þessa hafi stefnandi ekki upplýst stefnda um tilvist þeirra fjárkrafna sem um ræðir. Þá hafi fyrirsvarsmáður stefnanda lýst því yfir með bindandi hætti í tölvupósti til stefnda 24. maí 2016 að félagið myndi ekki rukka frekar vegna vinnu við deiliskipulagið og hafi þannig hvað sem öður líður verið fallið frá kröfu um slíkt.

Stefndi byggir í þriðja lagi á þeirri meginreglu kröfuréttar að í föstu viðskiptasambandi, þar sem reikningum er framvísað með reglubundnum hætti, megi að öðru jöfnu gera ráð fyrir að verið

sé að ljúka uppgjöri fyrir vinnu á viðkomandi tímabili. Af þessari meginreglu leiði að sá sem haldi því fram að sérstaklega hafi verið samið um að bíða með reikningsgerð og uppgjör vegna hluta þeirra verkefna sem greiða eigi fyrir beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni. Stefnandi verði að bera hallann af viðskiptaháttum sínum og eigi hann því ekki rétt til greiðslu úr hendi stefnda umfram það sem þegar hafi verið greitt. Því er mótmælt að stefndi hafi viðurkennt greiðsluskyldu vegna hinna umþrættu reikninga með því að hafa staðið stefnanda skil á fyrri reikningum. Aðilar hafi ekki samið um að stefnandi skyldi bíða með útgáfu reikninga þar til síðar og hafi stefndi verið í góðri trú um að fullnaðaruppgjör hefði farið fram á milli þeirra. Hvað varðar reikning nr. 4637, vegna vinnu í mars 2016, er tekið fram að ráða hafi mátt af tímaskýrslu með reikningnum að vinna starfsmanna stefnanda hefði einungis verið vegna tillögu að deiliskipulagi og kynningu sem lögð var fyrir fund umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. mars 2016. Verði með engu móti séð að þessi vinna hafi verið vegna annarar hönnunar eins og stefnandi virðist byggja á. Þá hafi stefnandi ekki skýrt hvers vegna hann hafi ekki gert stefnda reikning fyrir vinnu við deiliskipulagið í mars til samræmis við þá átta aðra reikninga sem hann gaf út vegna vinnunnar. Skýringar varðandi reikning nr. 4638, vegna vinnu fyrir október 2016 til mars 2017, beri að sama brunni. Stefnandi sé bundinn við yfirlýsingu fyrirvarsmanns félagsins um að ekki væri ætlunin að innheimta greiðslu fyrir vinnu við deiliskipulag sem framkvæmd var á lokametrinum. Lögð er áhersla á að stefnanda hafi í öllu falli borið að upplýsa stefnda um breytta tilhögun á útgáfu reikninga eða gera áskilnað um síðari innheimtu, auk þess sem rétt hefði verið að upplýsa stefnda um áramótastöðu vegna ársuppgjors þar sem hin meinta skuld hafi verið til staðar um áramótin 2016-2017. Það hafi fyrst verið eftir útgáfu hinna umþrættu reikninga í lok árs 2017 sem stefndi varð þess áskynja að stefnandi teldi eitthvað óuppgert vegna fyrri viðskipta. Hafi stefnandi því í öllu falli glatað rétti til þess að krefjast viðbótargreiðslu úr hendi stefnda vegna stórfellds og verulegs tómlætis. Það sé alfarið á ábyrgð stefnanda að hafa ekki gefið umræddra reikninga út fyrr en annars vegar tuttugu mánuðum og hins vegar níu mánuðum eftir að ætluð vinna starfsmanna hans var innt af hendi. Jafnframt er byggt á því að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti við innheimtu eftir útgáfu reikninganna í nóvember 2017, enda hafi dómsmál þetta ekki verið höfðað fyrr en tæpum fjórum árum eftir að vinna sem var grundvöllur eldri reikningsins var innt af hendi.

Í fjórða lagi er byggt á því að stefnandi hafi þegar fengið greitt ríflegt og sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu sína og eigi í samræmi við meginreglur kröfuréttar ekki rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda. Verði talið að aðilar hafi samið um að stefndi skyldi greiða stefnanda fyrir þá vinnu sem er grundvöllur dómkröfu hans er byggt á því að það sé ósanngjarnt í ljósi málsatvika af stefnanda að bera slíkan samning fyrir sig og að honum eigi að víkja til hliðar.

Gerð er grein fyrir röksemdum stefnda fyrir varakröfu sinni um lækkun á dómkröfu stefnanda, sem og mótmælum við vöxtum, í greinargerð.

IV

Niðurstaða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort stefnda beri að greiða stefnanda fjárkröfu sem grundvallast á tveimur reikningum frá 30. nóvember 2017. Það liggur fyrir að stefnandi varð hlutskarpastur í hönnunarsamkeppni vegna hótels sem stefndi efndi til í mars 2015 og að samkvæmt samkeppnislýsingu skyldi stefnt að því að gera við hann samning vegna hönnunar hótelsins. Það er óumdeilt að slíkur samningur komst ekki á milli aðila, en viðræður munu hafa staðið yfir frá júní 2015 til maí 2017. Aftur á móti sömdu aðilar haustið 2015 um að stefnandi skyldi vinna að breytingum á deiliskipulagi vegna verkefnisins. Í því fólst meðal annars tillögugerð og samskipti við skipulagsyfirvöld, sem og aðra opinbera aðila. Krafa stefnanda er grundvölluð á reikningum vegna þessarar vinnu. Annars vegar vegna vinnu í mars 2015 og hins vegar vegna vinnu frá október 2016 til og með febrúar 2017.

Ekki var samið um fast gjald vegna þessarar vinnu, heldur skyldi hún miðast við unnar vinnustundir. Það er ljóst að stefnandi gerði stefnda reglulega reikninga vegna vinnu sem tengdist deiliskipulaginu og að það var fyrst gert 8. desember 2015. Næst var gefinn út reikningur 29. febrúar 2016 vegna vinnu í janúar og febrúar. Næsti reikningur sem varðaði vinnu í apríl var gefinn út 30. apríl 2016, en ekki var gefinn út reikningur vegna vinnu í mars. Þar á eftir voru að minnsta kosti mánaðarlega sendir reikningar vegna vinnu á hverju tímabili, þ.e. 31. maí 2016 vegna vinnu í maí, 30. júní 2016 vegna vinnu í júní, 15. ágúst 2016 vegna vinnu í júlí, 31. ágúst 2016 vegna vinnu í ágúst og loks 30. september 2016 vegna vinnu í september það ár. Samkvæmt þessu sendi stefnandi stefnda átta reikninga á tímabilinu 8. desember 2015 til 30. september 2016 sem vörðuðu allir vinnu á tímabili sem þá var nýliðið. Reikningunum fylgdu tímaskýrslur og tók fjárhæð þeirra mið af fjölda unninna tíma og tímagjaldi stefnanda. Umræddir reikningar voru allir greiddir jafnóðum af stefnda. Með þessu skapaðist að mati dómsins sú venja í samningssambandi aðila að stefnandi sendi stefnda reikninga sem byggðust á tímavinnu að hverju tímabili loknu. Ekki verður fallist á að reikningar hafi að jafnaði verið sendir óreglulega, svo sem lögð var áhersla á í aðilaskýrslu fyrirvarsmanns stefnanda fyrir dómi.

Þeir reikningar sem um er deilt varða annars vegar vinnu starfsmanna stefnanda í mars 2016 og hins vegar vinnu í október, nóvember og desember 2016, sem og í janúar og febrúar 2017. Reikningarnir voru ekki sendir stefnanda fyrr en 30. nóvember 2017 og í stefnu er það skýrt með vísan til tafa á viðræðum aðila um gerð hönnunarsamnings vegna verkefnisins. Verður þannig ráðið af stefnu að ástæða þess að umræddir reikningar voru ekki sendir í framhaldi af því að vinnan var innt af hendi hafi verið sú að stefnandi hygðist taka ákvörðun um hvort krefjast skyldi greiðslu fyrir umrædda vinnu þegar fyrir lægi hvort samningar um hönnun næðust. Það kom þó einnig fram við munnlegan málflutning að mistök hefðu leitt til þess að reikningurinn sem varðaði vinnu í mars hefði ekki verið sendur stefnda. Hvað sem þessu líður verður ekki séð að stefnandi hafi upplýst

stefnda um breytingu á tilhögun reikningsgerðar eftir 30. september 2016 eða gert áskilnað um síðari innheimtu kæmist hönnunarsamningur ekki á milli aðila.

Að mati dómsins er ekkert fram komið sem bendir til þess að umrædd vinna hafi ekki verið innt af hendi af hálfu starfsmanna stefnanda, en tímaskýrslur liggja henni til grundvallar og verður einnig ráðið af gögnum málsins að unnið hafi verið að deiliskipulaginu af hálfu stefnanda í mars 2016 og á síðari stigum. Aftur á móti verður að horfa til þess tíma sem leið frá því að stefnandi gat krafist greiðslu vegna vinnunnar og þar til hann gerði það, sem og til atvika að öðru leyti. Aðilar í gagnkvæmu samningssambandi bera ákveðna trúnaðar- og tillitsskyldu gagnvart hvorum öðrum. Dragi kröfuhafi úr hömlu að leita fullnustu réttinda getur skuldara verið rétt að líta svo á að kröfuhafinn muni ekki fylgja eftir kröfu sinni og haft réttmætar væntingar um að lögskiptum þeirra sé lokið. Þessu til samræmis var það hluti af tillitsskyldu stefnanda sem kröfuhafa að draga ekki um of að knýja á um efndir kröfu vegna þeirrar vinnu sem um ræðir, enda gat það leitt til verulegs óhagræðis fyrir stefnda sem skuldara. Mar á því hvort tafir á innheimtu leiði til réttindamissis er atviksbundið og verður nú vikið að þeim reikningum sem um ræðir.

Sé litið til fyrri reikningsins sem varðar vinnu í mars 2016 þá er ljóst að stefnandi hafði tilefni til að krefjast greiðslu vegna vinnunnar þegar tímabilinu var lokið eða með því að gera stefnda reikning í apríl sama ár. Krafa vegna þessa var aftur á móti ekki sett fram fyrr en í nóvember 2017 þegar meira en eitt og hálf ár voru liðin frá því að vinnan var innt af hendi. Ekki verður séð að stefndi hafi haft ástæðu til að ætla að krafan yrði innheimt svona löngu eftir að vinnan fór fram. Í þeim efnum er horft til samningssambands aðila, sem og til þess að eftir mars 2016 voru sex reikningar sendir án þess að krafist væru greiðslu vegna vinnu í umræddum mánuði. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að stefndi hafi á fyrra tímamarki gefið til kynna að vinna í mars 2017 væri ógreidd eða áskilið sér rétt til innheimtu síðar. Þar að auki verður ekki séð að stefndi hafi haft tilefni til að átta sig á því að mistök hefðu verið gerð hjá stefnanda við reikningsgerð, hafi það verið raunin, og verður stefnandi eins og atvikum er háttað að bera ábyrgð á þeim. Að öllu virtu telur dómurinn að stefndi hafi með réttu mátt vænta þess að ekki yrði ekki krafist greiðslu vegna þeirrar vinnu sem um ræðir þegar það var gert í lok nóvember 2017. Hefur stefndi því með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að krefjast greiðslu samkvæmt umræddum reikningi.

Síðari reikningurinn er vegna vinnu frá október 2016 til og með febrúar 2017, en stefnandi krafðist fyrst greiðslu á þessum grunni í lok nóvember 2017. Var þá meira en ár liðið frá því að vinna vegna fyrstu tveggja mánaðanna var innt af hendi og rúmir níu mánuðir frá síðustu vinnustundinni sem vísað var til í reikningnum. Fram til október 2016 hafði stefnandi, eins og áður greinir, reglulega gert stefnda reikninga vegna vinnu við verkefnið og liggur ekki með skýrum hætti fyrir hvers vegna hann hætti því. Virðist helsta ástæðan hafa verið viðræður aðila um gerð hönnunarsamnings, eins og vísað er til í stefnu og nánar var skýrt við munnlegan málflutning. Ráðið verður af gögnum málsins að greiðsla vegna þessarar vinnu sem er í reikningi lýst sem

„vinnu við að fá deiliskipulag samþykkt“ hafi fyrst verið nefnd í tölvubréfi stefnanda til stefnda frá 24. maí 2017 þar sem rætt var um gerð hönnunarsamnings á milli aðila. Í útlistun á áætlunum stefnanda vegna heildarverksins var þannig tekið fram að „[v]inna við skipulagið sem ekki var rukkað fyrir en fólst í að fá deiliskipulagið samþykkt á lokametrunum var 33 tímar. Við fellum þá tíma niður (419.594 kr.)“. Eins og áður hefur verið rakið svaraði fyrirsvarmaður stefnda tölvupóstinum degi síðar og tók fram að nú þegar hefði verið rætt við aðra arkitektastofu um verkefnið, auk þess sem hann áréttaði í tölvupósti 15. júní sama ár að hann teldi hagsmunum stefnda betur komið hjá nýjum hönnuði. Þrátt fyrir þessa afstöðu leið um hálf ár þar til stefnandi sendi stefnda tölvupóst þar sem krafist var greiðslu vegna umræddrar vinnu sem hann hafði þó áður tekið fram að væri felld niður. Þá verður ekki með skýrum hætti ráðið af fyrrgreindu tölvubréfi stefnanda frá 24. maí 2017 með þeim hætti að áskilinn væri réttur til að innheimta greiðslu vegna vinnu við deiliskipulagið næðust ekki samningar á milli aðila um hönnun verkefnisins. Gat stefndi allt eins skilið ummæli í tölvubréfinu með þeim hætti að stefnandi hefði ákveðið að krefjast ekki greiðslu á þessum grunni og var sá tími sem leið frá tölvupóstsamskiptum aðila og þar til reikningurinn var sendur til þess fallinn að styrkja þann skilning. Að virtu samningssambandi aðila, venju við útgáfu reikninga, framangreindu tölvubréfi og atvikum að öðru leyti telur dómurinn að stefndi hafi með réttu mátt vænta þess að uppgjöri vegna vinnu við deiliskipulagið væri lokið þegar umræddur reikningur barst í lok nóvember 2017. Gildir þar einu þó að aðilar hafi átt í samskiptum um hönnunarsamning á árinu 2017, enda verður ekki séð að stefnandi hafi á þeim tíma eða fyrir gert fyrirvara eða áskilnað um innheimtu vegna ógreiddrar vinnu við deiliskipulagið næðust samningar ekki.

Þegar allt framangreint er virt verður fallist á með stefnda að stefnandi hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi kröfur á grundvelli þeirra reikninga sem deilt er um í málinu. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda.

Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir að virtu umfangi málsins hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Íslandshótel hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Arkitekta Laugavegi 164 ehf.

Stefnandi greiði stefnda 1.000.000 króna í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir